



Dagsetning: 28.04.2020
Málsnúmer: 1908107/8.10

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Á fundi Bæjarráðs nr. 646 var fyrir erindi Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar (KFF) þar sem félagið fór fram á frekari fjárstuðning. Af því tilefni tók íþrótt- og tómstundastjóri saman minnisblað um stöðu mála. Í því minnisblaði voru nokkrar hugmyndir að lausnum. Niðurstaða bæjarráðs var að bæjarráð fól bæjarstjóra að fara í viðræður við lánstofnanir um málefni KFF og niðurfellingu skulda félagsins. Jafnframt að skoða möguleika á því að Fjarðabyggð kaupi hlut KFF í stúkubyggingu á Eskifjarðarvelli sem hluta af lausn fjárhagsvanda félagsins en stúkan var byggð á sínum tíma til að uppfylla skilyrði KSÍ um notkun vallarins fyrir keppni í næst efstu deild í fótbolta meistaraflokkskarla.

Forsvarsmenn KFF hafa tilkynnt undirrituðum að árangurhafi náðst í viðræðum við kröfuhafa félagsins og eftir standi umrædd stúkubygging. Í minnisblaði íþrótt- og tómstundastjóra, dags. 11.12. 2019 kemur eftirfarandi fram um þetta atriði

...íþrótt- og tómstundafulltrúi telur mikilvægt að skoða, er að Fjarðabyggð kaupi stúkuna við Eskifjarðarvöll. En Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar lét byggja stúkuna árið 2015 með styrkjum frá Fjarðabyggð (1/3), KSÍ (1/3) og öðrum styrktaraðilum (1/3). En það eru eflaust fá eða engin fordæmi fyrir því á Íslandi að íþróttafélag byggi og eigi hluta af íþróttamannvirki. Fleiri félög en KFF ættu til að mynda að geta nýtt stúkuna og getur þetta skapað vandamál varðandi notkun, ábyrgð, rekstur og viðhald mannvirkisins. Upp er til að mynda sú staða að Ungmennafélagið Leiknir gæti þurfi, vegna leyfismála, að spila heimaleikina sína á Eskifjarðarvelli...

Opinber knattspyrnuvöllur Fjarðabyggðar er á Eskifirði samkvæmt aðalskipulagi og því eðlileg að honum sé haldið við af sveitarfélaginu miðað við núverandi ástand. Þá má einnig líta til þess að verið er að skipta um gervigras í Fjarðabyggðarhöllinni sem einnig er notuð sem heimavöllur Leiknis án þess þó að Leikni sé gert að taka þátt í því með sama hætti og KFF var gert en fyrir liggur skýrsla frá KSÍ þess efnis að grasið í Fjarðabyggðarhöllinni uppfylli ekki skilyrði til notkunar í næst efstu deild í fótbolta. Það er því tillaga undirritaðs að sveitarfélagið greiði KFF framlag sitt til stúkubyggingarinnar.



Karl Óttar Pétursson
Bæjarstjóri